

# Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á búvörulögum o.fl.

680. mál á 145. löggjafarþingi 2015-2016.

## Tillaga

Mótuð verði ný landbúnaðarstefna fyrir Ísland. Markmið þeirrar stefnu ætti í aðalatriðum að ganga út á eftirfarandi:

- Virkir bændur sem beita viðurkenndum starfsaðferðum fái hóflegan grunnstuðning og sérstakan viðbótarstuðning fyrir viss verkefni. Í heild verði beinir styrkir á fjárlögum svipaðir og nú er, það er um 4 milljónir króna á bú á ári, sem er svipað og á hinum Norðurlöndunum að meðaltali.
- Opnað verði á tollfrjálstan innflutning matvæla. Við það fellur niður neytendastuðningurinn við bændur og vinnslugreinar miðað við Evrópu og verð vernduðu matvælananna lækkar um 35% að meðaltali.
- Bændur fái frelsi til að haga framleiðslunni að hentugleikum og keppa á markaði. Undanþágur frá samkeppnislögum falla niður.
- Meðal verkefna og starfsaðferða sem verði stutt við, innan ofangreinds ramma verði umhverfisvænar aðferðir, lífræn ræktun, vistvæn framleiðsla, tæknivæðing sem eykur hagræðingu og fleira sem metið verður þarft og eðlilegt.

Mótun nýrrar landbúnaðarstefnu bíður væntanlega nýs Alþingis. Því ætti að stytta gildistími búvörusamninganna í eitt til tvö ár og miða við að nýr meirihluti á Alþingi hafi nægilegt ráðrúm til að móta og setja nýja landbúnaðarstefnu.

## Greinargerð

Styrkjakerfi landbúnaðarins sem birtist í búvörulögum, búvörusamningum og víðar er ekki gott fyrir neytendur, skattgreiðendur né bændur. Ekki dugar að lappa upp á gamla landbúnaðarkerfið heldur þarf að móta algerlega nýja, faglega landbúnaðarstefnu fyrir Ísland.

Ofangreind tillaga er um markmið þeirrar nýju stefnu, en [drög að útfærslu landbúnaðarstefnu](#) liggja fyrir.

Hér er um verulegar breytingar á starfsumhverfi landbúnaðarins að ræða sem gera þarf af tillitssemi við þá sem fyrir verða.

## Núverandi landbúnaðarkerfi

[Heildarstuðningur við landbúnaðinn](#) og úrvinnslugreinar er hér, um það bil sá hæsti í heimi.

- Stuðningur skattgreiðenda á fjárlögum er um 14 milljarða kr. á ári.
- Stuðningur neytenda við bændur „við búhlið“ er samkvæmt OECD um 10 milljarða kr. á ári.
- Stuðningur neytenda við slátrun- og vinnslu er um 12,5 milljarða kr. á ári.
- Samtals er stuðningur við landbúnaðinn um 36 milljarða kr. á ári.

Bændur í landinu eru um 3.200. [Stuðningur á hvert bú er samtals um 11 milljónir króna á ári](#). Þar af eru um 4 milljónir á fjárlögum og 7 milljónir í stuðning sem felst í hærri matarverðum vegna matartollanna. Mestur reiknast neytendastuðningurinn við kjúklingabúin 27, um 192 milljónir kr. á ári á bú að vinnslunni meðtalinni. Svínabúin eru 23 og hvert þeirra nýtur verndar að verðmæti um 77 milljónir kr. á ári. Eggjabú eru 14 og meðal neytendastuðningur um 44 milljónir kr. á bú á ári.

Í heild eru [afleidd störf af landbúnaði hér tæplega 6.000](#) samkvæmt úttekt Hagfræðistofnunar árið 2009. Flest störfín eru þess eðlis að þau munu halda áfram þó opnað verði á tollfrjálsan innflutning matvöru, svo sem sala matvöru í verslunum og blóma í blómabúðum. Í slátrun og vinnslu eru um 1.000 störf og í mjólkuriðnaði eru um 500 störf. Hluti af þessum störfum tapast við tollfrjálsan innflutning, hugsanleg um 30% eða 500 störf flest á SV horninu eða nálgæt því. Sem betur fer er nóg að gera hér á landi fyrir vinnufúsar hendur t.d. í ferðapjónustu. Samfélagið ætti að styðja sérstaklega við þá sem verða fyrir röskun.

Nokkrar óháðar athuganir benda til að [verð innfluttra matvæla án matartolla verði um 35% lægra en verð innlendra er nú](#). Þetta mun leiða til verðlækkunar innlendra matvæla og vöruþróunar, ef marka má það sem gerðist við opnun á innflutning fyrir inniræktað grænmeti árið 2003.

Bændur hafa í dag lítið svigrúm til að bæta sinn hag vegna styrkjakerfisins. Nýting framleiðsluþátta er léleg og nýsköpun lítil samanber upplýsingar frá [Samráðsvettvangi um aukna hagsæld](#).

## Leiðir til úrbóta

[Við niðurfellingu matartolla myndu matarútgjöld á mann lækka um að minnsta kosti 68 þúsund kr. á ári](#). Stórar barnafjölskyldur hagnast mest á breytingunni. Einnig stærsta atvinnugreinin, ferðapjónusta, því matvælaverð og annað verðlag hefur áhrif á fjölda ferðamanna. Þá munu vísitölutryggð lán lækka um 2%.

Landbúnaðurinn verður að aðlaga sig nýjum raunveruleika, hagræða og bæta vöruþróun. Margir munu halda áfram að kaupa innlenda framleiðslu þó hún verði eitthvað dýrari en innflutt, ef marka má það sem gerðist þegar innflutningur grænmetis varð tollfrjáls árið 2003, en fátækt fólk fær val um ódýra vöru.

Samhliða afnámi matartollanna þarf að semja við EES löndin um gagnkvæman markaðsaðgang, sem verður auðsótt. Við það opnast 550 milljón manna Evrópumarkaður fyrir íslenskar landbúnaðarafurðir. Samfélagið þarf að styðja bændur og aðra sem verða fyrir tjóni og hjálpa til við umbreytinguna yfir í arðbærari atvinnugreinar.

Við opnun markaða mun fjölbreyttni matvælaframboðs stóraukast og gæði batna. Meðal annars eykst framboð af lífrænt ræktuðu og gæðavottuðu en einnig af einföldu og ódýru fyrir þá sem það hentar.

Þó meðalstuðningur á býli á fjárlögum verði áfram álíka hár og hann er núna þarf að [breyta viðmiðum stuðnings](#). Styðja ætti við virka bændur, það er bændur með bú að ákveðinni lágmarksstærð, sem

beita viðurkenndum starfsaðferðum svo sem varðandi umgengni um landið, dýravelferð og slíkt. Hluti stuðningsins mun færast af hefðbundnum kúa- og kindabúskap yfir í aðrar búgreinar og jafnast. Aukastuðningur verði við sérstök mikilvæg verkefni svo sem fegrun lands. Í heild er ekki óeðlilegt að styrkir til landbúnaðar á fjárlögum verði að meðaltali svipaðir á bú og á hinum Norðurlöndunum, það er um 4 m.kr. á bú samtals um 14 milljarðar kr. á ári, gegn því að tollverndin felli niður.

### **Fæðuöryggi – Þróunaraðstoð**

Annað, en tengt mál. Færa ætti hluta þróunaraðstoðar í að hjálpa heimamönnum á völdum svæðum í þróunarlöndum til að auka og bæta matvælaframleiðslu og koma vörunni á markað. Þetta gera margar Evrópuþjóðir og hluti framleiðslunnar er seldur á Evrópumarkaði. Þannig má auka og bæta matvælaframleiðslu þar sem hennar er mest þörf og draga úr fæðuskorti. Við þessa starfsemi nýtist góð menntun fólks, meðal annars þeirra sem hlotið hafa menntun sína í Landbúnaðarháskóla Íslands.

### **Móta þarf faglega, öflug og raunsæja byggðastefnu fyrir Ísland.**

Stuðningur við landbúnað er í aðra röndina byggðastefna. Æskilegt er að framtíðar landbúnaðarstefna myndi styðjast við vandaða byggðastefnu fyrir hvert landsvæði.

Móta þarf stefnu um landnýtingu og hvað starfsemi á að styrkja á viðkomandi svæði, ef einhverja. Kalla þarf til verka sérfræðinga í stefnumótun, landbúnaði, byggðamálum, umhverfisvernd, ferðaþjónustu, fjármálum auk fulltrúa bænda, neytenda og skattgreiðenda.

Byggðastofnun hefur yfirumsjón með mótun byggðastefnu fyrir landið allt en stuðningi við landbúnað og fleiri stórum byggðamálum er haldið utan stofnunarinnar. Sumum byggðum hentar landbúnaður, öðrum sjávarútvegur, enn öðrum ferðaþjónusta o.s.frv. Efla þarf Byggðastofnun til að takast á við nær allan stuðning við byggðir í landinu. Líklega þarf að færa Byggðastofnun til stjórnskipulega, hafa hana óháða atvinnugreinum eins og landbúnaði og sjávarútvegi og hafa hana miðlægt í stjórnkerfinu hugsanlega við hlið nýsköpunarstuðnings, almenna stefnumótun, eða forsætisráðuneytið.

Virðingarfyllt,



Guðjón Sigurbjartsson, viðskiptafræðingur, bóndasonur, í landbúnaðarnefnd Neytendasamtakanna  
S: 895 2485

### **Tilvísanir**

Betri landbúnaður - <https://betrilandbunadur.wordpress.com/>

Betri landbúnaður, upplýsingar - <https://betrilandbunadur.wordpress.com/upplýsingar/>

Atvinnuvegaráðuneytið – [Skýrsla starfshóps um tollamál á sviði landbúnaðar](#) – Desember 2014.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands – [Íslensk bú í finnsku umhverfi](#) – 2009

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands – [Fjöldi starfa og afleidd störf í landbúnaði á Íslandi](#) - 2009

Ólafur Arnalds, prófessor – soil scientist – [Moldin](#) – [Stórslysalegur samningur](#) – 26.5.2016

Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna og Guðjón Sigurbjartsson, viðskiptafræðingur -

[Víst getur matarverð lækkað um 35%](#) - Grein í Fréttablaðinu og á visir.is - 26.5.2016